

Fundargerð 20. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 miðvikudaginn 17. október 2012

Mættir: Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney S. Snævarsdóttir gjaldkeri, Ólafur Baldursson ritari, Lóa Birna Birgisdóttir, Jónas Tryggvason, Málfríður Sigurhansdóttir, Emil Örn Harðarson starfsmaður og Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Ragnar Marteinson, Jón Oddur Sigurðsson, Karen Malmquist og Ingi Þór Ágústsson.

Fundur settur kl. 20:10

Dagskrá:

1. Nýr aðili kallaður til samstarfs við stjórn SSÍ

- I. Málfríður Sigurhansdóttir hefur verið kölluð til samstarfs við stjórn SSÍ og er boðin velkomin til starfa.

2. Fundargerðir til staðfestingar

- I. 30. fundur framkvæmdaráðs dags 10/10'12 *staðfest*

3. Fjármál SSÍ

- I. Fjármál SSÍ rædd og farið yfir stöðu mála
- II. Umræða um þjónustugjöld og mögulega breytingu á þeim
- III. Umræða um félagafesti
- IV. Umræða um styrktarmál og styrktaraðila
- V. Styrkarsamningur við Speedo rennur út um næstu áramót
- VI. Samþykkt að undirbúa útboð með það að markmiði að ná 4 – 8 ára samningi sem innifelur landsliðsútbúnað og fleira
- VII. Leitað verður til þeirra aðila sem mögulega geta gert slík tilboð
- VIII. Fram kemur að auðveldara er að fá upplýsingar frá ÍSÍ um fjárhagsstöðu og fjárhagsleg samskipti við SSÍ nú en áður

4. Verkefni framundan

- I. Frestað til nóvemberfundar

5. ÍM25 og uppskeruhátíð SSÍ

- I. Framkvæmdastjóri hefur samband við stjórnarmann Ragnar Marteinson og fær upplýsingar um stöðu Mótablaðs fyrir ÍM25
- II. Mótablaðið þarf að koma út í síðasta lagi mánudaginn 12 nóvember
- III. Ólafur Baldursson verður mótstjóri á ÍM25
- IV. Mótið verður haldið af virðingu og í ramma
- V. Lykilstöður dómara verða mannaðar 29 október
- VI. Skráningar félaga verða ekki gildar fyrr en starfsmannalisti félags hefur borist
- VII. Uppskeruhátíðin verður á sama stað og síðast í sal Lionshreyfingarinnar
- VIII. Skemmtiatriði vegna uppskeruhátíðar eru í vinnslu
- IX. Happaðrætti verður að venju og stjórnarmenn og starfsmenn munu safna vinningum

6. Ísland vs Færeyjar

- I. Mótið gekk vel
- II. Ísland vann með 106 á móti 72
- III. Kvöldverðurinn gekk mjög vel og almenn ánægja með framkvæmd mótsins.
- IV. Stjórn SSÍ þakkar öllum þeim sem komu að mótinu og lögðu fram vinnu við það, sérstaklega Sunddeild Breiðabliks.

Fundargerð 20. fundar stjórnar SSÍ 2011-2013 miðvikudaginn 17. október 2012

7. Undirbúningur sundþings

- I. Þinggerð 2011
 - i. Er í yfirllestri
- II. Lög og reglugerðir SSÍ
 - i. Verða lesin yfir og uppfærð fyrir næsta stjórnarfund
- III. Uppstillingarnefnd
 - i. Jónas Tryggvason stýrir starfi nefndarinnar
 - ii. Hann og framkvæmdastjóri tilnefna aðra í nefndina
 - iii. Nefndin skilar af sér á febrúarfundi stjórnar

8. Óafgreidd bréf

Dags:	Efni:	Sent frá
09.10.2012	Formannafundur ÍSÍ	ÍSÍ/lrh
15.10.2012	Tillaga v/Norðurlandamóts Garpa 2013 <i>Nefndin gerir tillögu um að Sj Ægi verði falið að vera mótshaldari á Norðurlandamóti Garpa árið 2013. Samþykkt</i>	DMT/iels
15.10.2012	v/ útfarar Gísla Halldórssonar	ÍF/óm

9. Félagaskipti

Nafn	Fyrri félag:	Nýtt félag:	Dags.mót.:	Tekur gildi:
Dilja Sif Þórdísardóttir	Sf. Ægir	Breiðablik	28.09.2012	27.10.2012
Sveinn Ólafur Lúðvíksson	UMFN	SH	04.10.2012	02.11.2012

10. Önnur mál

- I. Aga- og siðamál rædd
- II. Fundargerðir nefnda hafa ekki borist stjórn. Framkvæmdastjóra og aðalritara falið að koma á verklagi hvað það varðar
- III. Vantar frekari upplýsingar um landsliðsverkefni sundársins á heimasíðu SSÍ. Þar vantar einnig lágmarkatímabil og hvaða kröfur eru gerðar um að ná lágmarkum.
- IV. Viðmið í verkefni og mót verða birt á heimasíðu SSÍ.

Fundi slitið 22:25